



– Federation of Icelandic Trade

Heilbrigðisráðuneytið
B.t. Einar Magnússon
B.t. Hólmfríður Grímsdóttir
Vegmúla 3
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. ágúst, 2008

Efni: Umsögn Félags íslenskra stórkaupmanna um drög að reglugerð um póstverslun með lyf (tilv. HBR08060173/03.03)

I. Almennt

Vísað er til erindis ráðuneytisins, dagsett 30. júní 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Félags íslenskra stórkaupmanna (hér eftir "FÍŚ" eða "félagið") um reglugerð um póstverslun með lyf.

Það skal tekið fram að félagið leggst ekki gegn því að póstverslun með lyf verði heimiluð. Félagið vill þó vekja athygli á eftirfarandi atriðum sem það telur að verðskuldi nánari athugun.

II. Takmarkanir

Í 4. grein er fjallað um takmarkanir varðandi afgreiðslu á lyfjum sem eru ávana- og fíkniefni. Til viðbótar þeim takmörkunum teljum við að afgreiðsla á lyfjum sem krefjast geymslu í kæli- og / eða frysti ætti ekki að vera heimil í póstverslun þar sem að eftirlit með hitastigi á þessum lyfjum er ill framkvæmanlegt.

III. Gjaldtaka

Skýr ákvæði vantar í reglugerðina um gjaldheimtu (heimildir og takmarkanir). Ekki kemur fram í lögnum eða reglugerðinni neitt sem bannar eða takmarkar gjaldtöku fyrir sendingu eða afgreiðslu. Séu engar slíkar takmarkanir fyrir hendi væri ágætt að óvissu í þeim efnum væri eytt. Mætti það t.a.m. gera með athugasemd í greinargerð.

IV. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Með kærri kveðju,



Páll Rúnar Mikael Kristjánsson
Lögfræðingur Félags Íslenskra Stórkaupmanna
Netfang: pall@fis.is